

Sp. 119. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um að skora á ríkisstjórnina að leita eftir samkomulagi um að skila aftur Kaldaðarnesi.

Flm.: Gisli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita nú þegar eftir samkomulagi við hr. alpm. Jörund Brynjólfsson, sem talinn er vera eigandi að Kaldaðarnesi í Árnassýslu ásamt drykkjumannahælinu þar og öðrum mannvirkjum, um að skila þessum eignum aftur til ríkissjóðs á því verði, sem þær voru honum afsalaðar í janúar s. l., enda verði honum skilað aftur þeim verðmætum, er hann greiddi eignirnar með, á því verði, seu þau þá voru reiknuð. Jafnframt sé honum gefinn kostur á því að fá aftur ábúð á jörðinni Skálholti í Biskupstungum.

Kostnaður við þessa samninga og eignaskiptin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í aprilmánuði 1940 kaupir ríkissjóður jörðina Kaldaðarnes og eftirtaldar meðfylgjandi eignir: Höskuldsstaði, Mosastaði, Magnúsarfjós, Valdastaði, Hreiðurborg, Miðhús, Kálfhaga I og II, Móakot og Lambastaði — fyrir kr. 115 748.67. Þetta sama ár tekur brezki herinn eignina til afnota. Er henni haldið þannig til ársins 1945, er ríkissjóður fær aftur yfirráð yfir jörðinni. Þau ár, sem jörðin var hernumin, urðu á henni verulegar skemmdir, sem bættar eru með um 305 þús. krónum, eftir samkomulagi við viðkomandi aðila.

Árið 1945 er sett á stofn heilsuhæli í Kaldaðarnesi samkv. lögum nr. 108 1943. Er varið úr ríkissjóði á því ári samkv. ríkisreikningi kr. 551 551.12 til húsaþyggingar og húsabóta vegna stofnunarinnar og kr. 315 888.73 árið 1946, eða alls kr. 867 439.85 á báðum fyrrnefndum árum. Er hælið síðan starfrækt þar árin 1946 til

1948. Voru þessar ráðstafanir allar gerðar í samráði við landlækni og Stórstúku Íslands.

18. sept. 1947 biður landbúnaðarráðuneytið sýslumanninn í Árnessýslu að útnefna 3 menn til þess að meta allar fasteignir, sem hr. alþm. Jörundur Brynjólfsson eigi í Skálholti, en hann var þar þá ábúandi, og enn fremur eignir ríkisins í Kaldaðarnesi. Er tekið fram í bréfinu, að eignirnar í Skálholti skuli metnar í því ástandi, sem þær eru í, en hins vegar skuli lönd og hús, sem voru í Kaldaðarnesi í apríl 1940, er ríkissjóður eignaðist jörðina, og enn eru þar, metin í því ástandi, sem þessar eignir voru í þá, þ. e. í apríl 1940. En auk þess skuli þessi sömu hús í Kaldaðarnesi einnig metin í því ástandi, sem þau eru nú í. Upplýst er einnig, að atvinnumálaráðherra, Bjarni Ásgeirsson, hafði sérstaklega óskað eftir því við sýslumanninn, að hann útnefndi Pálma Einarsson landnámsstjóra sem einn af hinum 3 matsmönnum. Aðrir matsmenn voru útnefndir þeir Guðmundur Guðmundsson bóndi á Efri-Brú og Kristinn Vigfússon húsnámsmaður á Selfossi, en ekki er upplýst, hvort ráðherra hefur einnig óskað eftir útnefningu þeirra eða hvort sýslumaður hefur útnefnt þá án ábendingar.

Ekki var beðið um sérstaklega að meta hin nýju hús, sem ríkissjóður hafði látið byggja á jörðinni.

Samkvæmt matsgerð, sem gerð var af fyrrnefndum aðilum, er matið á Kaldaðarnesi sem hér segir:

1. Gamla íbúðarhúsið í Kaldaðarnesi, sem breytt hafði verið í hæli fyrir ofdrykkjumenn	kr. 132000.00
2. Nýtt hús í Kálfhaga, sem byggt hafði verið 1945—46 fyrir forstjóra hælisingis o. fl.	— 125000.00
3. Peningshús	— 52500.00
4. Tveir skálar með þvottahúsi, vatnsturni o. fl.	— 17500.00
5. Land tilheyrandi jörðinni	— 127300.00
6. Girðingar	— 18400.00
7. Hlunnindi jarðarinnar	— 21300.00

Alls kr. 494000.00

Í þessu mati er ekki ábýlið Hreiðurborg, enda er það undanskilið, þegar eignin er seld. Fasteignamat þeirrar eignar var sem næst $\frac{1}{4}$ af fasteignamati eignanna, þegar ríkissjóður keypti þær 1940.

Þá meta sömu matsmenn skemmdir á túni og engjum jarðarinnar á kr. 74180.00 og draga það frá matsverði jarðar og húsa, svo að eftir verður kr. 419820.00. Er sú upphæð þá talin sannvirði eignanna, þó því aðeins að seljandi kosti hreinsun á ákveðnum hluta jarðarinnar, sem matsmenn meta, að kosti kr. 225000.00, en sú hreinsun skal hafa verið framkvæmd fyrir 1952. Jafnframt meta hinir sömu menn eignir Jörundar Brynjólfssonar í Skálholti á kr. 173700.00.

Þann 12. jan. 1948 afsalar ríkissjóður öllum fyrrnefndum eignum í Kaldaðarnesi til hr. Jörundar Brynjólfssonar alþm. gegn fullri greiðslu, að upphæð kr. 419820.00. Eru eftirfarandi skilyrði sett í afsalið:

1. að jörðin verði gerð að ættaróðali;
2. að núverandi flugvöllur verði ekki afnuminn og réttur til afnota án endurgjalds;
3. að kaupandi annist sjálfur hreinsun gegn matsupphæðinni;
4. að starfrækja megi drykkjumannahælið á jörðinni án endurgjalds til fardaga 1948.

Framanskrað kaupverð jarðarinnar er greitt ríkissjóði sem hér segir:

a. Með fyrrnefndu hreinsunargjaldi	kr. 225000.00
b. — fyrrnefndu mati á eignum J. B. í Skálholti	— 173700.00
c. — uppbót til J. B. fyrir að flytja burt af Skálholti, metin af Pálma Einarssyni	— 20000.00
d. — peningum	— 1120.00

Alls kr. 419820.00

Í lögum nr. 4 frá 1946, um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, eru sett ótvíræð skilyrði fyrir sölu slíkra jarða. Eitt af þeim er, að kaupandi hafi búið á jörðinni í minnst 3 ár. Þetta skilyrði var ekki fyrir hendi, þegar Kaldaðarnes var selt. Þótt ekkert annað kæmi til, var sala sú, sem hér um ræðir, því án lagaheimildar. Við það bætist, að hér var ekki um að ræða þjóðjörð eingöngu, heldur ríkisstofnun, sem nýlega hafði verið reist, kostað hafði mikið fé, var enn starfrækt, er salan fór fram, og mátti á engan hátt leggja niður. Heimila hvorki lög nr. 4, sem fyrr er vísað í, né nokkur önnur lög að selja slíkar eignir ríkisins, og þurfti því sérstaka heimild til þess frá Alþingi, sem ríkisstjórninni bar að afla sér, ef hún óskaði eftir því, að salan færi fram. Ríkisstjórnin lítur einnig sjálf svo á, að hér sé verið að selja ríkisstofnun, en ekki venjulega þjóðjörð, sem sé í ábúð kaupanda, því að andvirði eignarinnar, kr. 419820.00, sem talið er, að ríkissjóður hafi fengið, er greitt menntamálaráðuneytinu upp í kostnað við annað væntanlegt hæli fyrir ofdrykkjumenn, í stað þess að greiða það í Ræktunarsjóð samkv. 3. gr. laga nr. 66 1947, ef um sölu þjóðjarðar var að ræða.

Það er upplýst, að matsmennirnir höfðu aðgang að öllum kostnaðarreikningum í sambandi við byggingar og endurbætur í Kaldaðarnesi, er þeir framkvæmdu matið, og að þeim var það ljóst, hvað eignin raunverulega kostaði ríkissjóð, eins og það er einnig vitað, að ríkisstjórnin vissi allt um þessi atriði. Sjálfst matið verður því að teljast harla einkennilegt. Hitt verður þó að teljast enn einkennilegra, að ríkisstjórnin skuli ekki óska eftir yfirmati eignanna til þess að sannprófa þannig verðgildi þeirra, auk þess sem almenningi er lítt skiljanlegt, hvers vegna verið er að selja hælið, þegar vist er, að það kostar ríkissjóðinn margfalda söluupphæðina að koma upp sams konar hæli á öðrum stað, sem engu betur yrði til þess fallinn að hafa þar ofdrykkjumenn.

Því hefur verið haldið fram af ráðherra í sambandi við þetta mál, að vegna laga-fyrirmæla um búnaðarskóla í Skálholti og skólabú þar, hafi orðið að sjá ábúandanum þar fyrir nýju jarðnæði. En lög um bændaskóla frá 1948 mæla svo fyrir, að í Skálholti skuli vera búnaðarskóli, þegar lokið er byggingu skólahúss og öðrum nauðsynlegum undirbúningi. Þar er einnig svo fyrir mælt, að ríkið skuli reka fjölbreytt bú á skólajörðum og veiti skólastjórnir þeim forstöðu. Öll eru þessi fyrir-mæli miðuð við það, að skóli hafi verið reistur, en eins og kunnugt er munu enn líða mörg ár, þar til þeim framkvæmdum er lokið. Það stóðu því allar leiðir opnar til samkomulags við ábúandaun, sem minna fé hefðu kostað ríkissjóðinn og háðir aðilar haft meiri sæmd af.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, þykir rétt, að ríkisstjórnin taki upp samninga við Jörund Brynjólfsson um að skila eignunum aftur, og því er tillaga þessi fram borin. Er þess vænt, að hún verði samþykkt, því að annað er ekki samsandi fyrir Alþingi, úr því sem komið er.